



Félag bókagerðarmanna

Sími 552 8755 - Fax 562 3188

# FRAMBOÐSFRESTUR

vegna kosningu stjórnar og varastjórnar  
Félags bókagerðarmanna 2015

Í samræmi við lög félagsins lýkur á næsta aðalfundi tveggja ára kjörtímabili þriggja aðalstjórnarmanna, Önnu Haraldsdóttur, Páls Reynis Pálssonar og Þorkels Svarfdal Hilmarssonar, og varastjórnarmanna, Grétu Aspar Jóhannesdóttur, Hrafnhildar Ólafsdóttur og Stefáns Ólafssonar.

Stefán Ólafsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

**Hér með er lýst eftir uppástungum um þrjá félagsmenn til setu í aðalstjórn næstu tvö ár og á sama hátt jafnmarga til setu í vara-  
stjórn.**

Þeir félagsmenn sem að uppástungum standa skulu stinga upp á mönnum í öll sæti sem kjósa á í, samtals sex félagsmönnum. Uppástungur skulu studdar fæst 20 en mest 50 félagsmönnum. **Þeim sem að uppástungum standa skal jafnframt bent á að fá samþykki þeirra sem þeir áforma að stinga upp á.**

Vakin er athygli á eftirfarandi ákvæði í lögum félagsins (gr. 7.4.), en þar segir:  
*„Þegar skilafrestur á framboðum til stjórnarkjörs er liðinn, skal stjórn félagsins sameina þau þannig að nafn hvers framboðanda komi aðeins einu sinni fram á kjörseðli. Greinilega skal auðkenna hverjir eru í framboði til aðalstjórnar og hverjir til varastjórnar. Sá sem er í framboði til aðalstjórnar getur ekki verið í framboði til varastjórnar samtímis. Við allar kosningar í félaginu skal raða á kjörseðil með útdrætti og skal boða fulltrúa framkominna lista til að vera þar viðstadda.”* Og í grein 6.1.5. stendur: *„Varastjórn er kosin á sama hátt og aðalstjórn og samtímis.”*

**Framboð samkvæmt framanrituðu skulu berast skrifstofu félagsins,  
Stórhöfða 31, fyrir kl. 16.00, föstudaginn 20. febrúar n.k.**

Reykjavík, 2. febrúar 2015  
Stjórn Félags bókagerðarmanna